Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. oktbóber 2019

Efni: Umsögn BSRB um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004 (þrepaskipting). Mál nr. 242/2019.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur birt áform um breytingu á lögum um erfðafjárskatt í samráðsgátt stjórnvalda.

Erfðafjárskattur er 10% af skattstofni dánarbús en enginn skattur er þó greiddur af fyrstu 1,5 mkr. Samkvæmt áformum birtum í samráðsgátt á að þrepaskipta erfðafjárskatti þannig að 5% skattur greiðist af arfi upp að 75 mkr. en 10% skattur af arfi umfram þá fjárhæð.

Áætlarðar tekjur ríkissjóðs af skattinum eru um 5,2 milljarðar fyrir árið 2020 að óbreyttu. Verði áformuð þrepaskitping skattsins að veruleika er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti lækki um 2 ma kr. árlega. Til að setja fjárhæðina í samhengi er hún sambærileg við árleg bein framlög ríkisins til Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóni Steindóri Valdimarssyni[1] kemur fram að miðgildi heildarverðmætis dánarbúa árið 2017 var 14,5 mkr. og miðgildi arfsfjárhæðar erfingja var 3,5 mkr. sama ár. Þrepamörk við 75 mkr. eru því verulega há en ekki liggur fyrir rökstuðningur á því viðmiði.

BSRB varar við frekari veikingu skattstofna ríkissjóðs og þar með lækkun á hlutfalli erfðafjárskatts. Standi vilji til að lækka skatthlutfall erfðafjárskatts væri nær að skoða einhverja hækkun á skattfrjálsa hluta skattstofnsins.

Fyrir hönd BSRB

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur

[1] Svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóni Steindóri Valdimarssyni um arf og fjárhæð erfðafjárskatts á 149. Löggjafarþingi 2018-2019, þingskjal 712- 227. mál.